



Kjósarhreppur
Ásgarði Kjós
276 Mosfellsbær

Garðabær, 1.4.2025

Málsnúmer: 202502-0045

BK/OKV

Efni: Þúfukot ferðapjónusta – tillaga að nýju deiliskipulagi

Vísað er í tölvubréf frá Kjósarhreppi sem barst 17. febrúar 2025. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Þúfukot. Með nýju deiliskipulagi er afmarkað svæði fyrir ferðapjónustuhús á 5,5 ha svæði sem staðsett er sunnan megin við Hvalfjarðarveg og við rætur Eyrarfjalls. Byggingarreitir eru 13 talsins, þar af eru 12 byggingarreitir ætlaðir fyrir gistihús og einn byggingarreitur fyrir þjónustubyggingu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Skipulagssvæðið er flatlent og innan um framræst votlendi sem hefur að töluverðu leyti verið nytjað sem tún. Vegna þess að um er að ræða lítið svæði er ekki æskilegt að nýta vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar, sem gefið er út í mælikvarðanum 1:25.000, til að meta gróðurfar þess. Af loftmyndum að dæma er nyrsti, og jafnframt stærsti hluti skipulagssvæðisins, líklega í votlendi sem er aðliggjandi framræstu landi og jafnframt hluti af stærra votlendissvæði í Litlutungu. Lítil tjörn er í votlendinu milli skurða og melholts. Svæðið nær yfir og inn á holt innan um votlendið þar sem líkast til er moslendi og melar. Aðkomuvegir fara um framræst land sem nytjað hefur verið sem tún eða til beitar.

Vistgerðir votlendis hafa yfirleitt mjög hátt verndargildi¹ auk þess sem samfelld votlendi >2 ha nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Æskilegt væri að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á gróður en hann er ekki einn af matsþáttum fyrir deiliskipulagið.

Út frá vistgerðum má gera ráð fyrir að þéttleiki mófugla sé töluverður í Litlutungu og Volamýri. Þó framkvæmdirnar feli ekki í sér ekki ýkja mikið beint búsvæðatap, þá fylgja mannvirkjum oft neikvæð jaðaráhrif sem lýsa sér þannig að þéttleiki margra tegunda mófugla er lægri nær þeim en en fjær.²

¹ Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.

² Pálsdóttir, A. E., Alves, J. A., Gill, J. A., Pálsson, S., Méndez, V. & Gunnarsson, T. G. 2024. Introduction of summer houses into semi-natural habitats: impacts on ground-nesting birds. Animal Conservation. <https://doi.org/10.1111/acv.12938>



Náttúrufræðistofnun hvetur að lokum til þess að reynt verði að lágmarka frekara rask á votlendi en með framkvæmdum sem losa um jarðveg mýranna mun kolefni losna út í andrúmsloftið með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur